# SPARNAÐARLÍFTRYGGING

## ERLENDIR SJÓÐIR - ÁVÖXTUN ER Í HÖNDUM HENDERSON GLOBAL INVESTORS

### EVRÓPUSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 10,3% | 10,0% |
| 1 ár | 54,1% | 46,9% |
| 2 ár | 33,6% | 26,4% |
| 3 ár | 23,9% | 17,9% |
| 4 ár | 25,0% | 19,6% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 55% | 95% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 5% | 45% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

### ALHEIMSSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 8,4% | 8,4% |
| 1 ár | 36,5% | 36,5% |
| 2 ár | 25,3% | 25,3% |
| 3 ár | 15,4% | 15,4% |
| 4 ár | 17,8% | 17,8% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Amerísk hlutabréf | 10% | 50% |
| Japönsk hlutabréf | 5% | 35% |
| Hlutabréf í Kyrrahafslöndum | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

### SKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 5,8% | 5,6% |
| 1 ár | 21,6% | 14,3% |
| 2 ár | 7,2% | 1,4% |
| 3 ár | 2,3% | -2,6% |
| 4 ár | 1,7% | -2,6% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Alheimsskuldabréf | 60% | 100% |
| Evrópsk skuldabréf | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

### ÞRÓUNARSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 9,6% | 9,4% |
| 1 ár | 49,8% | 42,6% |
| 2 ár | 31,0% | 24,0% |
| 3 ár | 21,6% | 15,7% |
| 4 ár | 23,5% | 18,2% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 10% | 50% |
| Nýmarkaðir | 5% | 35% |
| Hlutabréf tæknifyrirtækja | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

### ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN




### ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN




# SPARNAÐARLÍFTRYGGING - ÁRSYFIRLIT



SJÓVÁ

Þú tryggir ekki eftir á!

## YFIRLIT SPARNAÐARLÍFTRYGGINGAR

Yfirlit sparnaðarlíftrygginga sýnir þær hreyfingar sem orðið hafa á skírteini á liðnu ári ásamt upplýsingum um skiptingu iðgjalds, stöðu sjóða ofl.

Sýndar eru þær greiðslur sem borist hafa félaginu á árinu. Dagsetning greiðslu er þegar greiðslan er móttekin frá banka eða kortafyrirtæki. Ef desembergreiðslu vantar á yfirlitið gæti ástæðan verið sú að hún hefur ekki skilað sér fyrr en eftir áramót og bókast sú greiðsla þá m.v. skiladagsetningu til okkar eða á nýju ári.

Kostnaður við hverja greiðslu er 2%. Þetta er að stofni til vegna gjaldtöku greiðslukortafyrirtækja vegna skuldfærslna og banka og sparisjóða vegna beingreiðslna. Þarna kemur einnig fram upphafskostnaður vegna nýrra sparnaðarlíftrygginga.

Vátryggingariðgjald er vegna líftryggingarinnar sem fylgir samningnum og er alltaf endurnýjuð í upphafi árs. Líftryggingarfjárhæðin, og þar með iðgjaldið, lækkar eftir því sem sparnaður vex. Þarna kemur einnig inn iðgjald vegna iðgjaldatryggingar. Þegar kostnaður og vátyggingar-iðgjöld hafa verið greidd er það sem eftir stendur lagt í sjóði til fjár-festingar og myndar það þinn sparnað.

Mánaðarlegar greiðslur og líftryggingarfjárhæðin hækka í janúar ár hvert, í takt við verðbólgu.

Yfirlit sjóða sýnir eign í sjóðum í árslok miðað við gengi þeirra 31.12.2006. Sjóðaval sýnir í hvaða hlutföllum sparnaðurinn skiptist á milli sjóða. Sýnd er nafnávöxtun hvers sjóðs fyrir sig og hver hún hefur verið síðustu 4 ár. Mikilvægt er að horfa til langs tíma þegar ávöxtun langtíma-sparnaðar er skoðuð. Umsýsluþóknun Sjóvá líftrygginga er 0,5% og hefur hún verið dregin frá þegar ávöxtun er birt.

Einnig kemur fram hver meðaltals nafnávöxtun þeirra sjóða sem valdir voru hefur verið undanfarin 4 ár. Áætluð inneign í lok samningstímans er reiknuð út og er þá miðað við að greiðslur haldist óbreyttar samkvæmt samningi út samningstímann og vextir verði jafnir, 6,0% á ári.

Áhersla skal lögð á það að ávöxtun í fortíð þarf ekki að vera vísbending um hvernig ávöxtunin þróast í framtíðinni.

Ef breytinga er þörf á einhverjum þáttum sem þú valdir í upphafi, til dæmis vátryggingarfjárhæð, sjóðum eða mánaðarlegum greiðslum þá þurfa þær að berast skriflega til félagsins. Eyðublöð vegna breytinga er hægt að nálgast í útibúum félagsins eða á sjova.is

## SJÓÐIR Í SPARNAÐARLÍFTRYGGINGU

Sjóvá býður upp á fjölbreytt úrval verðbréfasjóða, bæði innlendra og erlendra í samstarfi við Glitni og Henderson Global Investors í Bretlandi. Nánari kynning á afkomu þessara sjóða kemur hér á eftir.

## ÁRANGUR SÍÐASTA ÁRS, YFIRLIT EINSTAKRA SJÓÐA

Síðasta ár kom mjög vel út hvað varðar ávöxtun sjóða og stóðu erlendir hlutabréfasjóðir þar upp úr. Veiking krónunnar skilaði sér beint í ávöxtun sjóðanna. Evrópusjóðurinn skilaði t.d. 54,1% nafnávöxtun á síðasta ári og Þróunarsjóðurinn skilaði 49,8% nafnávöxtun. Greiningaraðilar spá áframhaldandi góðu gengi á erlendu sjóðunum en erfitt er að spá fyrir um gengi krónunnar sem hefur bein áhrif á ávöxtun sjóðanna. Flestir bankarnir eru þó sammála um að gengi krónunnar styrkist í byrjun árs en veikist þegar líða tekur á árið.

## INNLENDIR SJÓÐIR - ÁVÖXTUN ER Í HÖNDUM GLITNIS - EIGNASTÝRINGAR

### RÍKISSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 1,5% | 1,2% |
| 1 ár | 7,7% | 0,4% |
| 2 ár | 5,2% | -0,5% |
| 3 ár | 7,5% | 2,3% |
| 4 ár | 8,2% | 3,5% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Spariskírteini ríkissjóðs | 0% | 40% |
| Húsbréf | 20% | 90% |
| Óverðtryggð skuldabréf | 0% | 40% |
| Önnur ríkisskuldabréf | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtartekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

### INNLEND VERÐBRÉF OG ÍSLENSK VERÐBRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 1,9% | 1,6% |
| 1 ár | 13,1% | 5,8% |
| 2 ár | 22,6% | 16,0% |
| 3 ár | 25,5% | 19,5% |
| 4 ár | 25,4% | 20,0% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 25% | 75% |
| Ríkisskuldabréf | 10% | 50% |
| Önnur innl. skuldabréf | 10% | 50% |

MARKMIÐ

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.

### INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN




Innlendir hlutabréfasjóðir stóðu þeim erlendu töluvert að baki á síðasta ári en þrátt fyrir það var ávöxtunin viðunandi. Innlendi hlutabréfasjóðurinn sem fylgir ávöxtun úrvalsvísitölunnar ICEX-15 hækkaði um 15,7% á síðasta ári er í takt við úrvalsvísitöluna sem hækkaði um 15,8% .

Samkvæmt greiningum Glitnis eru horfur á innlendum hlutabréfa-markaði heilt á litið, jákvæðar fyrir árið 2007. Kennitölur félaganna eru í flestum tilfellum viðunandi, horfur á góðri afkomu og umhverfi þeirra ættu að vera þeim nokkuð hagfelldar.

### ERLEND HLUTABRÉF OG ERLENDUR VAXTASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 7,4% | 7,2% |
| 1 ár | 31,3% | 24,1% |
| 2 ár | 20,8% | 14,3% |
| 3 ár | 11,9% | 6,5% |
| 4 ár | 12,4% | 7,6% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Hefðbundnir markaðir | 70% | 100% |
| Nýmarkaðir | 0% | 30% |

MARKMIÐ

Eignaaukning til lengri tíma með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.

### ÍSLENSK SKULDABRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 1,2% | 0,9% |
| 1 ár | 9,0% | 1,7% |
| 2 ár | 6,9% | 1,2% |
| 3 ár | 8,2% | 2,9% |
| 4 ár | 8,4% | 3,7% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Skammtímaverðbréf | 0% | 50% |
| Ríkisverðbréf | 30% | 70% |
| Langtímaverðbréf | 0% | 50% |

MARKMIÐ

Góð áhættudreifing og jöfn ávöxtun með því að fjárfesta í innlendum skuldabréfum.

### INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN




### ÞRÓUN GENGISVÍSITÖLUNNAR 2006




### BLANDAÐUR HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 2,9% | 2,7% |
| 1 ár | 18,4% | 11,2% |
| 2 ár | 34,2% | 27,0% |
| 3 ár | 34,7% | 28,2% |
| 4 ár | 34,2% | 28,5% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Erlend hlutabréf Sjóvá | 35% | 35% |
| Innlend hlutabréf Sjóvá | 65% | 65% |

MARKMIÐ

Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.

### HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 1 mánuður | 1,8% | 1,6% |
| 1 ár | 15,7% | 8,5% |
| 2 ár | 37,6% | 30,3% |
| 3 ár | 42,5% | 35,6% |
| 4 ár | 43,0% | 36,9% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | HÁMARK | LÁGMARK |
|---|---|---|
| Markaðsvægi | 60% | 100% |
| Virk stýring | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

### INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN




Glitnir spáir því að úrvalsvísitalan muni hækka um 21% yfir árið eða nokkuð meira en á síðastliðnu ári. Innlendir Skuldabréfasjóðir skiluðu sæmilegri ávöxtun eða 7,7% sem er í takt við ávöxtun undanfarinna ára. Ef litið er 4 ár aftur í tímann er meðalnafnávöxtunin 8,2%.

Ávöxtunarkrafa innlendra skulabréfa hækkaði töluvert á árinu sem skilar sér í verri ávöxtun en jafnframt því kemur inn há verðbólga sem skilar sér inn í nafnávöxtun sjóðanna.
Glitnir banki spáir því að tíðindalítið verði á skuldabréfamarkaði í byrjun þessa árs en í febrúar er búist við að áhugi fjárfesta taki að glæðast og að ávöxtunarkrafa skuldabréfa taki að lækka. Sé horft til lengri tíma, eða út næsta ár er spáð frekari lækkun ávöxtunarkröfu, samhliða lækkandi stýrivöxtum og lækkun á gengi krónunnar.